

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Vatnsdal



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2019/217

Forsíðumynd: Horft til suðurs yfir tóft hæsnakofa í landi Saurbæjar.



© Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2019/217

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði	3
Nýlagning háspennu- og lágspennustrengja-fornleifaskráning.....	4
Vestan Vatnsdalsár	4
Ásbrekka-Saubær	4
Saubær.....	5
Saubær-Haukagil.....	5
Haukagil-Grímstunga	7
Austan Vatnsdalsár	7
Saubær-Þórormstunga	7
Þórormstunga-Marðarnúpur	7
Þórormstunga-Guðrúnarstaðir-Kárdalstunga	7
Sumarhús í landi Guðrúnarstaða	8
Samantekt	8
Heimildaskrá	9

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér fornleifaskráningu í innan verðum Vatnsdal vegna væntanlegra framkvæmda við jarðlagningu há- og lágsþennustrengja auk þess sem fjarlægja á núverandi loftlínu. Verkefnið var unnið að beiðni RARIK og var Rögnvaldur Guðmundsson tengiliður vegna þess.

Fyrirhuguð lagnaleið mun liggja um eftirfarandi jarðir: Ásbrekku, Saurbæ, Haukagil, Grímstungu, Marðarnúp, Þórormstungu og Kárdalstungu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim fornleifum sem skráðar voru á vettvangi. Aftast í skýrslunni er síðan samantekt þar sem fjallað er nánar um minjar sem talðar eru í hættu vegna framkvæmda og gerð er tillaga að mögulegum mótvægisaðgerðum.

Vettvangsskráning fór fram 26. apríl og var unnin af Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi sem, ásamt Bryndísi Zoëga landfræðingi sá um frágang og ritun skýrslu. Fornleifaskráning hafði áður farið fram í landi Saurbæjar en skráningar lágu ekki fyrir á öðrum jörðum.

Við þökkum landeigendum fyrir veittar upplýsingar og leyfi til að ganga um lönd jarða.

Minjarnar eru skráðar eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 2021.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlana um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem ekki hafa fundist við skráningu.

¹ Lögin má skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þegar það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt telst að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær hænsnakofi í landi Saurbæjar raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2021-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. framkvæmdum eða landrofi. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda við plægingu jarðstrengs og þegar loftlínur verða fjarlægðar.

Við skráningu fornleifa vegna lagningar jarðstrengja er gerð krafa um að skoðað sé 15m breitt svæði sitt hvoru megin við línuleiðina. Einungis eru taldar upp minjar sem eru innan við eða á mörkum þessa áhrifasvæðis.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Nýlagning háspennu- og lágspennustrengja-fornleifaskráning

Hér verður gerð grein fyrir lagnaleiðum há- og lágspennustrengja, núverandi loftlínu og þeim minjum sem skráðar voru. Fyrst er fjallað um lagnaleiðir og minjar vestan Vatnsdalsár og síðan um lagnaleiðir og minjar austan árinna.

Vestan Vatnsdalsár

Ásbrekka-Saurbær

Norðan við Saurbæ munu lág- og háspennustrengir liggja frá Ásbrekku fyrst neðan (austan) þjóðvegur en svo ofan (vestan) þjóðvegur að rofastöð ofan Saurbæjar. Núverandi loftlína liggur öll austan (neðan) vegar, eða á milli vegar og Vatnsdalsár. Línan liggur fyrst um óræktað land, síðan skógrækt og síðast heimatún Saurbæjar.

Minjar í línuleið:

Engar minjar fundust í línuleiðinni milli Ásbrekku og Saurbæjar.



Mynd 1. Horft til suðurs að Saurbæ yfir sléttaða tóft hænsnakofa [2021-1] í forgrunni. Fjær í túni má óglögg sjá dæld [2021-2] líklega leifar grunns gamals útihúss.

Saurbær

Væntanlegir há- og lágspennustrengir eiga að liggja niður (austan) heimreiðar í Saurbæ. Neðan bæjar halda þeir annarsvegar áfram til suðurs í átt að Haukagili en hinsvegar til austurs að Þórormstungu.

Fornleifaskráning hafði farið fram í Saurbæ 2009.² Hér er stuðst við þá skráningu en svæðið var einnig skoðað við vettvangsrannsókn 2019.

Minjar í línuleið:

Tvær minjar voru skráðar innan 15m frá væntanlegum há- og lágspennustreng þar sem hann liggur fast austan heimreiðar að Saurbæ. Tóft hænsnakofa er í línuleiðinni og óljós þúst liggur í sléttuðu túni um 10m austan hennar.

Saurbær 2021-1

Tegund: Tóft

Hlutverk: Hænsnakofi, óþekkt

Hættumat: Mikil hætta er í ætlaðri línuleið háspennustrengjar

Staðhættir

Rúmlega 80m norðvestur af verkstæðinu við íbúðarhúsið, tæplega 20m sv af dæld (**nr. 6**) er tóft.

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd um 6m að þvermáli og hæð veggja er um 10-40sm. Innri brún veggja er ógreinileg og aðeins um 10sm há en ytri brúnin um 30-40sm. Samkvæmt heimildamanni [Sigrúnu Grímsdóttur fv. ábúanda] var þarna hænsnakofi.

Aðrar upplýsingar

Tóftin stendur á upphækkun sem gæti bent til endurbygginga.

Saurbær-2021-2

Tegund: Dæld, heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Hættumat: Lítil hætta, dæld í túni er um 10m austan væntanlegs háspennustrengjar en sléttað hefur verið úr byggingunni og minjarnar teljast því ekki í mikilli hættu

Staðhættir

Á túnakorti frá 1918 er hús rúma 60m nnv af bænum, neðan heimreiðar. Engin ummerki eru lengur um húsið og þar er nú sléttað tún. Dæld sést í túnið þar sem húsið stóð.

Lýsing

Dældin er um 2,5 x 6m að stærð, u.þ.b. 10sm djúp og liggur norður/suður.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk hússins er ekki skráð á túnakorti. Þarna hefur þó líklega verið útihús af einhverju tagi.

Saurbær-Haukagil

Frá Saurbæ mun nýr háspennustrengur liggja austan bæjarins og til suðurs. Hann þverar þjóðveg og liggur eftir það, meðfram veginum að vestan, að Haukagili. Núverandi loftlína liggur austan

² Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir. 2009.

til í túni í Saurbæ og þaðan til suðurs að Haukagili, að mestu yfir ræktað land. Hún þverar veginn norðan Haukagils og liggur austan bæjar.

Minjar á línuleiðum

Engar minjar fundust á þeirri leið sem loftlínan liggur en réttartóft og garðbrot liggja um 10m vestan við væntanlegan jarðstreng.



Mynd 2. Horft til norðvesturs yfir réttartóft [2021-3] nyrst í landi Haukagils.

Haukagil 2021-3

Sérheiti: Rétt I

Tegund: Tóft, garðlag

Hlutverk: Rétt

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda, háspennustrengur liggur um 10m austan tóftarinnar

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haukagils (bls. 2-3) segir: „Réttin I er fjárréttarrústir norðan Skriðunnar upp við Brekkurnar. Var hún sameign Haukagils og Saurbæjar og notuð sameiginlega allt til ársins 1925, enda gekk þá fé saman frá báðum bæjum.“

Réttartóft er staðsett um 420m norðvestan bæjarhúsa á Haukagili, rétt norðan við framburðarkeilu (svokölluð Skriða) norðan Skriðugilslækjar. Tóftin liggur innan girðingar um 30m vestan þjóðvegur í votlendi fast upp við brekkurætur.

Lýsing

Tóftin liggur suðvestur-norðaustur og hefur hlið verið til norðausturs. Hún er 20m löng og um 10m á breidd að utanmáli. Veggir hafa verið grjót- og torfhlaðnir en eru mjög rofnir og lágir, mest um 40cm að hæð. Þykkt veggja er mest um 70cm. Veggurinn gæti hafa staðið undir girðingu. Við norðaustur horn réttarinnar er lágt 5m langt garðbrot. Það er um 20cm að hæð og 30cm þykkt og liggur í sveig til norðurs. Garðurinn hefur líklega verið undan vírgirðingu og hefur auðveldað innrekstur í réttina.

Haukagil-Grímstunga

Nýr háspennustrengur liggur vestan vegar, að mestu í túnjöðrum, langleiðina frá Haukagili að Grímstungu. Norðan brúarinnar yfir Álftarskálará, beygir lagnaleiðin til austurs og þverar ána, norðan við brúna og liggur þaðan að Grímstungu. Núverandi loftlína liggur að mestu um tún frá Haukagili að Grímstungu, fyrst vestan en síðan austan vegar í átt að Álftarskálará. Línan fer yfir hólma í ánni og síðan áfram að Grímstungu og Hjarðartungu.

Minjar í línuleiðum

Engar minjar fundust á línuleiðum.

Austan Vatnsdalsár

Saurbær-Þórormstunga

Jarðstrengur mun liggja til norðausturs frá Saurbæ, fyrst yfir tún, síðan Vatnsdalsá og eftir grónum áreyrum að túnum á Þórormstungu. Núverandi loftlína frá Saurbæ að Þórormstungu liggur töluvert norðar en fyrirhugaður háspennustrengur. Hún fer að mestu yfir grónar áreyrar Vatnsdalsár en síðan yfir tún í átt að Þórormstungu.

Minjar í línuleiðum

Engar minjar voru innan áhrifamarka frá rafstreng. Loftlínan liggur nærri gamla bæjarstæðinu á Þórormstungu en engar minjar liggja innan 15m frá henni.

Þórormstunga-Marðarnúpur

Nýr háspennustrengur mun liggja norðan bæjar á Þórormstungu, fyrst eftir túnum og svo yfir Tunguá og þaðan með austanverðum túnjaðri að Marðarnúpi. Núverandi loftlína frá Þórormstungu að Marðarnúpi og Gilá liggur að mestu yfir tún. Hún þverar Tunguá nokkuð vestar en fyrirhugaður háspennustrengur og liggur eftir túnum frá ánni og heim að Marðarnúpi.

Minjar á línuleiðum

Engar minjar fundust á línuleiðinni, hvorki leiðinni fyrir jarðstreng né loftlínu.

Þórormstunga-Guðrúnarstaðir-Kárdalstunga

Frá Þórormstungu liggur nýr háspennustrengur til suðurs, að mestu í eða meðfram túnum en beygir svo til austurs og áfram að Kárdalstungu, norðan vegar þar til hann kemur að núverandi loftlínu. Þaðan liggur strengurinn samsíða loftlínunni í átt til bæjar. Loftlínan frá Þórormstungu að Kárdalstungu liggur í gegnum tún á Guðrúnarstöðum. Línan fer til suðausturs frá

Þórormstungu, þverar Tunguá og liggur þaðan í gegnum sumarbústaðarland og í gegnum tún að Guðrúnarstöðum. Austan við Guðrúnarstaði þverar línan Tungudalsá aftur og liggur síðan eftir grónum melum að Kárdalstungu.

Minjar á línuleiðum

Engar minjar fundust á línuleiðum, hvorki fyrir jarðstreng né loftlínu.

Sumarhús í landi Guðrúnarstaða

Í landi Guðrúnarstaða er fyrirhugaður nýr háspennustrengur að sumarhúsi (Landnr: 965056-01). Strengurinn liggur vestan meðfram þjóðvegi norðan Tunguár og síðan í túnjaðri, norðan heimreiðar.

Minjar á línuleiðum

Engar minjar fundust í línuleiðinni.

Samantekt

Við vettvangsferð fundust þrennar minjar í námunda við eða í væntanlegri línuleið.

Í landi Saurbæjar er tóft [2021-1] í línuleiðinni og telst hún í mikilli hættu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Sé ekki hægt að hnika línunni til þyrfti að kanna hvort eldri minjar kunni að leynast undir tóftinni. Sækja þarf um leyfi til Minjastofnunar ef sýnt þykir að tóftin kunni að verða fyrir skemmdum vegna framkvæmdanna.

Dæld í heimatúni Saurbæjar [2021-2] er vísbending um tóft sem hefur verið sléttuð og liggur 10m utan lagnalínu væntanlegs jarðstrengs.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Minjarnar teljast ekki í mikilli hættu verði engar breytingar á línuleið.

Í landi Haukagils eru leifar fjárréttar [2021-3] sem notuð var fram til 1925. Tóftin liggur um 10m vestan væntanlegrar línuleiðar og að óbreyttu er hún ekki í mikilli hættu

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Fara verður með gát framhjá minjunum en að öðru leyti ekki þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum.

Aðrar minjar fundust ekki, hvorki á væntanlegri línuleið né við núverandi loftlínu sem ætlunin er að fjarlægja. Þótt minjar sjáist ekki á yfirborði geta þær leynst neðanjarðar. Ef minjar koma óvænt upp við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2009). Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir. *Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2009/99*.

Túnakort Saurbæjar. Hannes Jónsson. 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.


Örnefnaskrá Saurbæjar. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaská Haukagils. Konráð Eggertsson og Haukur Eggertsson skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Vatnsdal - hnitaskrá

Landareign	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Horfin vegna	Aldur	Hættumat	Fjarl. frá rafstreng	Hnit: ISN93	
										Austun	Norðun
Saurbær	1872-1	Saurbær	hænsnakofi	tóft	greinanleg	sléttunar	1850-1950	Mikil hætta	Í línuleið	443381	539211
Saurbær	1872-2	Saurbær	óþekkt, útihús	dæld	greinanleg	sléttunar	1850-1950	hætta	10m	443402	539198
Haukagil	1872-3	Réttin	rétt	tóft	vel greinanleg		1850-1925	hætta	10m	443666	538365



Yfirlitsteikning af minjum
í landi Saurbæjar

Loftlína

2021-1

2021-2

Jarðstrengir

Þjóðvegur

Íbúðarhús

0 5 10 20 M

Loftmynd: Landmælingar Íslands

Yfirlitsteikning af minjum
í landi Haukagils



2021-3

Lofllína

Jarðstrengur

Þjóðvegur

0 50 100 M

Íbúðarhús

Loftmynd: Landmælingar Íslands